

1. Stjórn útgáfufélagsins Sólartúns skuldbindur sig til að tryggja sjálfstæði ritstjórnar. Hagsmunir eigenda eru ekki hafðir til hliðsjónar við vinnslu fréttar fremur en hagsmunir auglýsenda.
2. Ritstjórnar bera ábyrgð á ritstjórnarefni fjölmiðla Sólartúns. Þeir ráða og reka blaðamenn. Hafi starfsmaður ritstjórnar brotið af sér í starfi, farið gegn siðareglum eða ritstjórnarstefnu, taka ritstjórnar ákvörðun um hvort veita beri áminningu. Sé brotið alvarlegt getur það varðað uppsögn.
3. Starfsmenn ritstjórnar skulu undantekningalaust upplýsa ritstjóra um hagsmuni sína sem geta haft áhrif á umfjöllunarefni.
4. Hlutverk ritstjórnar er að segja fréttir, framleiða skemmtiefni, fræðsluefni og veita upplýsingar, sem ætla má að séu almenningi mikilvægar. Ritstjórnar eru ábyrgir fyrir ritstjórnarstefnu.
5. Hagsmunir auglýsenda eru ekki hafðir til hliðsjónar við vinnslu fréttar, nema til að gæta jafnræðis. Greinarmunur er gerður á auglýsingum, mögulegum kynningum og ritstjórnarefni.